

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Háskóli Íslands Askja (örverur)



<b>Dags eftirlits</b>	22.3.2019	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Háskóli Íslands	<b>Eftirlitsmaður</b>	
<b>Heimili</b>	Sturlugata 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	600169-2039	<b>Flokkur</b>	Erfðabreyttar lífverur
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ólafur S. Andrésson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsleyfi Háskóla Íslands til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar lífverur í starfsstöð Öskju. Eitt frávik kom fram frá starfsleyfi.

## UMFANG EFTIRLITS

Í síðasta eftirlit var skráð frávik frá ákvæði í grein 1.5 um stofna í ræktun. Blágrænar bakteríur (Nostic sp.) voru í ræktun og náði starfsleyfið ekki til þeirra. Rekstraraðili óskaði í kjölfarið eftir breytingu á starfsleyfi og var starfsleyfið endurútféið í fyrra þar sem umfang starfseminnar var breytt. Frávikinu er því lokað.

Farið var í skoðunarferð í þau herbergi þar sem unnið er með erfðabreyttar örverur í Öskju. Rætt var um meðhöndlun úrgangs á svæðinu og afmörkunarráðstafanir sem eru skv. kröfum. Öryggisblöð eru aðgengileg og uppfærð í tölum inn á rannsóknarstofnunum.

Rætt var um öryggisráðstafanir skv. gr. 3.1 í starfsleyfi og fyrirkomulag vinnudagbóka skv. gr. 3.2. Áhættumat og neyðaráætlun liggja fyrir skv. kröfum í gr. 4.2. Á gangi fyrir framan rannsóknarstofur voru nokkrir kæliskápar sem innihéldu erfðabreyttar örverur og er því utan þess afmarkaða svæðis sem getið er um í starfsleyfi.

### Frávik frá


### Lýsing á frávik

grein 1.2

Rekstraraðila er heimil í rannsóknarhúsnæði Háskóla Íslands, starfsstöð Öskju, að vinna með erfðabreyttar lífverur sem getið er um í starfsleyfi í herbergjum 305,252,387,388,390 og 195. Geymsla á erfðabreyttum lífverum fer nú fram á gangi fyrir framan rannsóknarstofur.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.05.2019

  
Einar Halldórsson